

Byggðastofnun

Október 1997

Þýðing Kísiliðjunnar fyrir efnahag og atvinnulíf í

Mývatnssveit

Greinargerð unnin fyrir stjórn Byggðastofnunar

Efnisyfirlit

- [Inngangur](#)
- [Helstu niðurstöður](#)
- [1. Byggð í Skútustaðahreppi](#)
 - [1.1 Íbúafjöldi](#)
 - [1.2 Aldursskipting](#)
 - [1.3 Flutningar](#)
 - [1.4 Vinnumarkaður](#)
 - [1.5 Fasteignamarkaður](#)
- [2. Kísiliðjan og fjárhagsleg áhrif hennar](#)
 - [2.1 Starfsemi Kísiliðjunnar](#)
 - [2.2 Launagreiðslur og starfsmannahald](#)
 - [2.3 Launagreiðslur og margföldunaráhrif](#)
 - [2.4 Tekjur Skútustaðahrepps vegna Kísiliðjunnar](#)
 - [2.5 Tekjur Húsavíkurkaupastaðar vegna WMÍ](#)
 - [2.6 Viðskipti Kísiliðjunnar og WMÍ við innlend fyrirtæki](#)

Inngangur

Stjórn Byggðastofnunar gerði eftirfarandi samþykkt á fundi sínum 13. ágúst 1997 sem haldinn var í Hótel Reyhlið í Mývatnssveit: "Stjórn Byggðastofnunar felur forstjóra að láta gera könnun á þýðingu Kísiliðjunnar fyrir efnahag og atvinnulíf í Mývatnssveit og Þingeyjarsýslu og hver áhrifin yrðu á byggðaðpróun ef starfsemi hennar nyti ekki við." Samþykktin er gerð vegna þeirrar óvissu sem ríkir varðandi áframhaldandi vinnsluleyfi verksmiðjunnar. Núverandi leyfi Kísiliðjunnar er til ársins 2010, en miðað við efnistöku dugir námasvæði í Ytriflóa einungins fram til ársins 2003.

Í þessari skýrslu er eingöngu unnið út frá samþykktinni, þ. e. reynt er að meta áhrif þess að starfsemi verksmiðjunnar hætti. Hér er ekki fjallað um aðgerðir sem til greina koma ef svo færi, eða um aðra kosti í atvinnu í sveitarfélaginu og í sýslunni og ekki heldur um forsendur vinnsluleyfis og tengda þætti.

Forráðamönnum Kísiliðjunnar hf og World Minerals Ísland ehf (WMÍ), sveitarstjóra Skútustaðahrepps og bæjarstjóra Húsavíkur voru send bréf með fyrirspurnum um þá þætti sem samþykktin kvað á um og síðan var fundað með ofangreindum aðilum þegar svör höfðu borist. Einnig var haft samband við forráðamenn þeirra fyrirtækja sem Kísiliðjan hf á mest viðskipti við. Þessum aðilum er þakkað fyrir skýr og greinargóð svör. Önnur gögn sem stuðst hefur verið við eru reikningar Kísiliðjunnar og WMÍ, reikningar sveitarfélaganna og upplýsingar úr gagnabanka Byggðastofnunar.

Mest af upplýsingum er um tímabilið 1994-1996 en frá þessu eru nokkur frávik. Allar fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs.

Í skýrslunni er fyrst fjallað um byggðaþróun í Skútustaðahreppi. Fjallað er um ýmsa þætti og einkenni íbúa og atvinnulífs og vægi Kísiliðjunnar í atvinnulífinu. Reynt er að meta afleiðingar þess fyrir byggðarlagið að starfsemi verksmiðjunnar hætti og áhrif þess á rekstur og efnahag sveitarsjóðs. Gerð er grein fyrir rekstri Kísiliðjunnar og WMÍ og helstu viðskiptum sem fyrirtækin eiga við innlenda aðila.


Helstu niðurstöður

- Í kjölfar þess að Kísiliðjan var reist fjölgaði íbúum í hreppnum töluvert og enn frekar þegar Kröfluvirkjun tók til starfa. Íbúafjöldinn náði hámarki árið 1984 en þá bjuggu í hreppnum 590 manns. Íbúum hefur hins vegar fækkað töluvert á síðustu 12 árum og í lok árs 1996 voru skráðir íbúar um 470.
- Líklegt má telja að 75 ársverk myndu hverfa úr atvinnulífi hreppsins ef starfsemi Kísiliðjunnar hætti og um 210 íbúar þyrftu að finna sér annað lífsviðurværi að öðru óbreyttu. Eftir stæði 260 manna samfélag sem að stórum hluta væri í dreifbýli, með um 130 ársverk og um 10% lægri meðallaun en nú er.
- Reikna má með að tekjur sveitarsjóðs gætu dregist saman um helming. Hins vegar er óljósara hver áhrifin yrðu á rekstur einstakra málaflokka. Rekstur þjónustu sem einkum tengist þéttbýlinu, t.d. hitaveitu, vatnsveitu og holræsa- og gatnakerfis yrði án efa mjög erfiður og nýting skóla og íþróttahúss mun lakari en nú er.
- Áhrif á Húsavík yrðu fyrst og fremst um 4% samdráttur í tekjum bæjarsjóðs auk þess sem minni verkefni yrðu í tengslum við útflutning um Húsavíkurhöfn.

1. Byggð í Skútustaðahreppi

1.1 Íbúafjöldi


Íbúafjöldi í Skútustaðahreppi var nokkuð stöðugur fram til 1966 en jókst verulega þegar Kísiliðjan tók til starfa. Íbúum fjölgaði hægt og bitandi fram undir 1984, en frá þeim tíma má segja að hafi verið samfelld fækkun og íbúafjöldinn farið úr 590 niður í 470. Reykjahlíð er skráð sem þéttbýli 1967 en það ár voru íbúar þar 97. Íbúum fjölgaði til 1984 þegar þar bjuggu 282. Frá 1984 hefur íbúum fækkað og hefur verið beint samband milli fækkunar í hreppnum og í þorpinu frá þessum tíma. Þetta stafar meðal annars af fækkun starfsmanna í Kísiliðjunni frá 1984 (sjá 4. mynd) og nokkuð er um að yngra fólk sem bjó í þorpinu hefur byggt á heimajörðum í sveitinni og þessi tilflutningur valdið því að íbúafjöldi í sveitinni hefur nokkurn veginn haldið sér. Íbúar eru nú rúmlega 470, þar af búa 216 í þorpinu. Íbúafjöldinn er rúmlega 7% af heildarfjölda íbúa í Þingeyjarsýslum.



1. mynd: Mannfjöldi í Skútustaðahreppi 1961-1996

1.2 Aldursskipting

Aldursskipting Skútustaðahreppi er ekki verulega frábrugðin því sem er víðast á landinu þó að meiri sveiflur séu milli einstakra árganga eins og við er að búast í sveitarfélagi af þessari stærð. Aldurstré sýnir aldurs- og kynjaskiptingu íbúa í Skútustaðahreppi, eins og hún var um síðustu áramót. Bláu súlurnar sýna aldursskiptinguna án starfsmanna Kísiliðjunnar og fjölskyldna þeirra. Þar kemur í ljós að meðalaldur myndi hækka og verulegar breytingar yrðu á stærð árganga t.d. stærð einstakra árganga í skóla ef starfsmenn og fjölskyldur þeirra byggju ekki í sveitarfélaginu.




2. mynd: Aldursskipting í Skútustaðahreppi 1. desember 1996

1.3 Flutningar

Skútustaðahreppur hefur að meðaltali tapað 5 íbúum á ári vegna brottflutnings eða samtals 125 íbúum á síðustu 25 árum. Þetta er nálægt því að vera um 1% af íbúafjölda á ári. Á sama tímabili hefur íbúum í hreinum sveitarhreppum fækkað um liðlega 2% á ári. Ekki eru tiltækar upplýsingar um flutninga einstakra ára fyrir 1971, en fólksfjölgun 1966-67 sýnir að veruleg fjölgun varð árið sem verksmiðjan hóf rekstur (sjá 1. mynd). Þegar skoðaður er brottflutningur umfram aðflutning í hreppnum á árunum 1993-1996 kemur í ljós að um helmingur hefur flutt á höfuðborgarsvæðið, um fjórðungur á Eyjafjarðarsvæðið og tæplega 15% til Húsavíkur og annarra sveitarfélaga í Þingeyjarsýslum. Ef þessar flutningaforsendur eru gildar fyrir þá sem tengjast


Kísiliðjunni myndi rekstrarstöðvun þýða verulegan brottflutning úr Þingeyjarsýslum eða allt að 180 manns að öðru óbreyttu.



3. mynd: Búferlaflutningar að og frá Skútustaðahreppi 1971-1996


1.4 Vinnumarkaður

Ársverkum hefur fækkað verulega á undanförunum árum. Þau voru 267 árið 1984 en 205 árið 1994 sem er síðasta ár sem upplýsingar samkvæmt launamiðaskráningu liggja fyrir. Miðað við fólksfækkun sem hefur orðið í hreppnum má ætla að ársverk séu í dag nokkuð innan við 200. Fækkun hefur orðið í öllum greinum nema þjónustugreinum. Veruleg fækkun hefur orðið á störfum í landbúnaði en athyglisverð er einnig fækkun í iðnaði, þar sem störfum hefur fækkað um 40. Af þeim eru 24 ársverk vegna fækkunar starfa í Kísiliðjunni, m.a. vegna tæknibreytinga og þess að verkefni hafa verið unnin samkvæmt útboðum, t.d. flutningar á kísilgúr til Húsavíkur.



4. mynd: Atvinnuskipting í Skútustaðahreppi 1984-1994

Launagreiðslur í Skútustaðahreppi voru um 290 mkr. árið 1994, samkvæmt launamiðaskráningu skattayfirvalda. Þar af voru launagreiðslur vegna Kísiliðjunnar 92 mkr, vegna veitna (Kröflu) 46 mkr. og reiknaðar launagreiðslur í landbúnaði rúmlega 22 mkr. Þessi samsetning er verulega frábrugðin því sem er víðast á landsbyggðinni.




5. mynd: Hlutfallsleg skipting launatekna í Skútustaðahreppi 1994

Meðallaun voru 13% undir landsmeðaltali árið 1994. Meðallaun í efnaiðnaði voru 6% yfir landsmeðaltali, meðallaun í veitum 8% og fyrir hótélstörf 21% yfir landsmeðaltali í þessum greinum. Allar aðrar atvinnugreinar voru með meðallaun undir landsmeðaltali viðkomandi greina.

Álagningarstofn sveitarsjóðs var að meðaltali 374,8 mkr. á árunum 1994-96, samkvæmt ársreikningum hreppsins, en undir hann falla einnig aðrar tekjur en launatekjur, svo sem eignatekjur og bótagreiðslur.

1.5 Fasteignamarkaður

Skráðar íbúðir í Skútustaðahreppi voru 163 um síðustu áramót. Starfsmenn Kísiliðjunnar eru skráðir með búsetu í 45 þessara fasteigna og eru flestar þeirra í þorpinu. Ef skoðaður er byggingartími íbúðarhúsa í Skútustaðahreppi sést hve rekstur Kísiliðjunnar og síðar Kröfluvirkjunar hefur verið ráðandi í þeirri þróun sem orðið hefur, en stór hluti íbúða frá 7. og 8. áratugnum er tengdur störfum í þessum fyrirtækjum. Kísiliðjan á um 16 íbúðir í þorpinu. Lítið hefur verið byggt á undanförunum árum og þá einkum á bæjum í sveitinni.



6. mynd: Byggingarár íbúðarhúsa í Skútustaðahreppi

2. Kísiliðjan og fjárhagsleg áhrif hennar

2.1 Starfsemi Kísiliðjunnar

Kísiliðjan dælir botnleðju úr Mývatni á sumrin og vinnurlgúr allan ársins hring. Kísilgúrinn er þurrkaður, glæddur, malaður, flokkaður og pakkað í mismunandi framleiðslutegundir. Framleiðsla fyrirtækisins 1994-96 var um 26.000 tonn að meðaltali.

Rekstrartekjur Kísiliðjunnar eru taldar sem mismunur á söluverði afurða og útflutningskostnaði. Rekstrartekjur félagsins á tímabilinu 1990-1996, mældar á verðlagi ársins 1996, námu að meðaltali um 455 mkr. Samdráttur var í tekjum félagsins árin 1991-1993 sem leiddi til nokkurs rekstrartaps á tímabilinu í heildina lítið. Árin 1994-1996 hafa rekstrartekjur hins vegar aukist á ný og hagnaður einnig. Tekjur og afkoma fyrirtækisins á undanförunum 4 árum koma fram í eftirfarandi töflu á verðlagi viðkomandi árs.

Kísiliðjan (mkr.)	1993	1994	1995	1996
Útflutningur	515,3	683,8	765,5	714,6
Innanlandssala	1,9	1,7	1,7	1,9
Heildartekjur	517,2	685,5	767,2	716,5
Flutningskostnaður (WMÍ)	(113,8)	(157,2)	(127,4)	(122,0)
Sölulaun (WMÍ)	(61,8)	(82,0)	(95,4)	(89,6)
Rekstrartekjur samtals	341,6	446,3	544,4	504,9
Hagnaður fyrir tekjuskatt	(31,0)	55,7	127,8	82,5

Kísiliðjan greiðir skatta samkvæmt sérstökum lögum og er hluta þeirra ráðstafað til Skútustaðahrepps. Bókfærð eiginfjárstaða félagsins nam tæplega 90% í árslok 1996 og veltufjárhlutfall var 5,4.

WMÍ (áður Celite Ísland hf.) hefur umsjón með útflutningi á kísilgúr frá Kísiliðjunni og reikningsfærslu á erlenda viðskiptaaðila. Rekstrartekjur WMÍ samsvara útflutningstekjum Kísiliðjunnar og kaupverð WMÍ á kísilgúr samsvarar nettó rekstrartekjum Kísiliðjunnar. Beinn útflutningskostnaður, þ.e. hafnargjöld, sjófrakt og váttryggingar, er greiddur af WMÍ og dreginn frá greiðslum til Kísiliðjunnar. Sölulaun WMÍ hafa numið um 12% af útflutningsverðmæti kísilgúrs. Afkoma WMÍ hefur verið mjög góð eins og sjá má af eftirfarandi tölum um hagnað. Bókfærð eiginfjárstaða WMÍ nam tæplega 35% í árslok 1996, en félagið á enga fastafjármuni.

World Minerals Ísland	1993	1993	1995	1996
Hagnaður fyrir tekjuskatt (mkr.)	50,7	72,6	91,9	74,9

Kísiliðjan á eigið vöruhús á Húsavík og er með samning við Skipaafgreiðslu Húsavíkur um birgðahald og útskipun fyrir Kísiliðjuna og WMÍ. Kostnaður vegna umsjónar og vinnu skipaafgreiðslu er greiddur af Kísiliðjunni.

Skráð hlutfé í Kísiliðjunni hinn 31. desember 1996 nam 122,7 mkr. en í WMÍ var það 10 þkr. Hlutfé Kísiliðjunnar skiptist þannig að íslenska ríkið á 51%, World Minerals um 48,5% og sveitarfélög á Norðurlandi tæplega 0,5%. WMÍ er að öllu leyti í eigu erlenda aðilans. Kísiliðjan og WMÍ hafa bæði greitt eigendum umtalsverðar

arðgreiðslur á liðnum árum. Árið 1994 voru gerðar leiðréttingar á endurmatsreikningi Kísiliðjunnar og hlutafé var fært upp um 50 mkr. með útgáfu jöfnunarhlutabréfa. Sama ár voru hluthöfum greiddar út 50 mkr. og var hlutafé þá aftur fært niður um sömu fjárhæð.

Arðgreiðslur (mkr.)	1993	1994	1995	1996
Kísiliðjan	40,0		36,0	72,0
World Minerals Ísland	47,5	54,4	46,0	60,0

2.1.1 Kísilgúrsjóður

Kísilgúrsjóður varð til árið 1995 m2.1.1eð breytingu á lögum 0/1966 um kísilgúrverksmiðju við Mývatn. Lög um Kísilgúrsjóð kveða á um tekjustofna hans til og með 2010 og verða þeir mun hærri á tímabilinu 2002-2010 en nú er. Sjóðurinn á að beita sér fyrir nýsköpun í atvinnulífi í Skútustaðahreppi og á Húsavík með því að veita lán og styrki eða kaupa hlutafé í nýjum eða starfandi félögum. Sjóðurinn hafði til ráðstöfunar um 10 mkr. á árinu 1995 og um 6 mkr. á árinu 1996. Sjóðurinn veitti styrki til átta aðila á árinu 1995, samtals að fjárhæð 6,6 mkr. Á árinu 1996 veitti hann styrki til fjögurra aðila að fjárhæð 1,6 mkr. og samþykkti að leggja fram hlutafé í einu félagi að fjárhæð um 1,3 mkr.

2.1.2 Önnur þátttaka í atvinnulífi

Kísiliðjan er hluthaf2.1.2i í þremur fyrirtækjum, en þau eru istofa Húsavíkur ehf, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hf og Málmís ehf. Þá tók fyrirtækið þátt í átaksverkefni í atvinnumálum sem unnið var að í Mývatnssveit fyrir nokkrum árum. Þátttaka starfsmanna í félagslífi sveitarinnar hefur verið með hefðbundnum hætti og hafa einhverjir þeirra setið í sveitarstjórn og nefndum sveitarfélagsins.

2.2 Launagreiðslur og starfsmannahald

Kísiliðjan er stærsti launagreiðandi í Skútustaðahreppi og voru 61 á starfsmannaskrá um síðustu áramót, 47 karlar og 14 konur. Skráð ársverk hjá verkmiðjunni eru rúmlega 50. Flestir starfsmenn eru ófaglærðir eða um 50 og vinna við ýmis stig í framleiðslu kísilgúrsins, á viðgerðarverkstæði, við þrif og í mótuneyti. Nokkrir eru með iðnmenntun og stjórnendur eru með menntun í viðskipta- eða tæknigreinum. Ekki er talið líklegt að starfsmenn verksmiðjunnar myndu hverfa til annarra starfa á vegum World Minerals annars staðar í heiminum. Langflestir starfmenn eru í Verkalýðsfélagi Húsavíkur eða 44 og 4 í Verslunarmannafélagi Húsavíkur. 10 starfmenn eru í félögum rafíðnaðar- og járníðnaðarmanna en aðrir í einstökum sérfélögum. Starfsaldur þeirra sem vinna í verksmiðjunni er nokkuð hár eða um 14 ár. Þeir sem hafa unnið lengst í verksmiðjunni eru með um 30 ára starfsaldur.

Ef skoðað er hvar starfsmenn eru fæddir og uppaldir kemur í ljós að 30 eru Mývetningar, 6 úr öðrum sveitarfélögum í Þingeyjarsýslum, 9 úr öðrum sveitarfélögum á Norðurlandi, 4 af Austurlandi, 5 starfsmenn koma frá Reykjavík og Reykjanesi. Ekki er vitað hvaðan 6 starfsmenn koma. Starfsmenn og fjölskyldur þeirra búa í hreppnum utan einn sem býr í Reykdælahreppi. Langflestir búa í þorpinu

en nokkrir búa utan þess. 28 starfsmenn búa í eigin húsnæði, 21 í húsnæði sem verksmiðjan á, 9 í foreldrahúsum og 3 í húsnæði í eigu annarra.

WMÍ er sem stendur með 3 starfsmenn í 2 stöðugildum og greiðir eftirlaun til eins starfsmanns. Laun og launatengd gjöld fyrirtækjanna eru sýnd í meðfylgjandi töflu.

Laun- og launatengd gjöld (mkr.)	1993	1994	1995	1996
Kísiliðjan	111,9	100,5	110,1	114,5
þ.a. tryggingagjald	2,9	3,2	3,3	3,9
WMÍ (áður Celite Ísland)	3,1	5,4	6,3	7,1
þ.a. tryggingagjald	0,3	0,3	0,4	0,5

2.3 Launagreiðslur og margföldunaráhrif

Beinar launagreiðslur Kísiliðjunnar voru 97,5 mkr. að meðaltali þessi ár og ef reiknað er með að margföldunaráhrif þessara starfa séu 0,3 má ætla að um 127 mkr. launagreiðslur í Skútustaðahreppi séu með beinum eða óbeinum hætti vegna verksmiðjunnar. Margföldunaráhrif í sveitarfélaginu eru ekki metin hærrí vegna þess hve fámennst sveitarfélagið er og líklegt að hluti af margföldunaráhrifum komi fram annars staðar t. d. á Húsavík og Akureyri. Margföldunaráhrif eru fyrst og fremst í byggingastarfsemi, verslun, samgönguþjónustu, bönkum og þjónustugreinum og samsvara því að um 25 störf í þessum greinum séu til staðar vegna verksmiðjunnar og starfsmanna hennar. Samkvæmt þessu og hlutfalli milli íbúafjölda og ársverka má ætla að tæplega 60 íbúar til viðbótar við starfsmenn og þeirra fjölskyldur hafi lífsviðurværi af starfsemi verksmiðjunnar eða alls um 210 manns.

Ef verksmiðjan hætti rekstri myndu 75 ársverk af tæplega 200 hverfa úr atvinnulífi sveitarinnar að öðru óbreyttu. 210 af um 470 íbúum þyrftu að finna sér annað lífsviðurværi. Eftir stæði sveitarfélag með um 260 íbúa og um 130 ársverk. Launasumman væri um 160 mkr. og meðallaun tæplega 23% undir landsmeðaltali í stað þess að vera 13% undir landsmeðaltali eins og nú er.

2.4 Tekjur Skútustaðahrepps vegna Kísiliðjunnar

Sveitarsjóður hefur notið góðs af staðsetningu Kísiliðjunnar í sveitarfélaginu líkt og víðar þar sem stórfyrirtæki eru í fámennum hreppum. Tekjur hreppsins voru frá tæpum 59 mkr. upp í 105,6 mkr. á árunum 1994-1996. Þar af voru tekjur af framleiðslugjaldi verksmiðjunnar 8,0 mkr, 14,7 mkr. og 45,5 mkr. fyrir þessi ár. Tekjur af framleiðslugjaldinu voru óvenjulega lágar á árunum 1994 og 1995 vegna taprekstrar á árum fyrir þann tíma en voru síðan óvenjulega háar 1996 vegna mikillar framleiðslu og sölu árið 1995. Tekjur af framleiðslugjaldi eru áætlaðar um 32,5 mkr. árið 1997 vegna framleiðslu ársins 1996 og heildarskatttekjur sveitarsjóðs um 98,5 mkr.

Útsvarstekjur voru 35,7 mkr. að meðaltali árin 1994-1996 og miðað við ofangreindar forsendur um launagreiðslur má ætla að um 12 mkr. séu vegna starfa í verksmiðjunni og tengdum henni. Útsvarstekjur sem tapast myndu vega þyngra nú þar sem

útsvarsprósenta hefur hækkað úr 9,2% í 11,7% og má áætla að þær séu nú nær því að vera 15 mkr. Skatttekjur vegna fasteigna voru um 13 mkr. og má áætla að þær gætu lækkað um 5-6 mkr. Samtals má því áætla að tekjur sveitarsjóðs myndu lækka um rúmlega helming og verða um 45 mkr. í stað tæplega 100 mkr. eins og nú er. Þessar tölur eru þó breytilegar eftir því hve hátt framleiðslugjald verksmiðjan greiðir.

Erfitt er að gera sér grein fyrir áhrifum á rekstur einstakra málaflokka. Þó er ljóst að töluverður hluti af mannvirkjum, t.d. hitaveita, vatnsveita og gatna- og holræsakerfi myndi nýtast að takmörkuðu leyti ef verksmiðjustarfsmenn byggju ekki í þorpinu. Einnig myndi stór nýbyggður skóli og íþróttahús ekki nýtast eins vel og nú er. Nú eru um 80 börn í skólanum, þar af um 20 börn starfsmanna Kísiliðjunnar, en að auki eru 5 börn þeirra á leikskólaaldri eða yngri.

6. mynd: Áætluð skipting tekna sveitarsjóðs í Skútustaðahreppi 1994-1996 og áætlun 1997 á verðlagi hvers árs

Tekjur Skútustaðahrepps af framleiðslugjaldi eru mjög sveiflukenndar. Þær samanstanda annars vegar af tækniþjónustugjaldi, sem er ákveðið hlutfall af nettósölu Kísiliðjunnar og hins vegar af ákveðinni hlutdeild í tekjuskattsgreiðslum fyrirtækisins. Tekjuskattsgreiðslurnar eru háðar rekstrarafkomu fyrirtækisins og skýrir það mikla sveiflu milli ára. Mestar voru tekjur Skútustaðahrepps vegna rekstrar Kísiliðjunnar árið 1996 vegna tekjuársins 1995.

Skútustaðahreppur	1993	1994	1995	1996
Tekjur af Kísiliðjunni (mkr.)	8,0	14,7	45,5	32,5

Efnahagsstaða Skútustaðahrepps er góð í samanburði við hreppa af svipaðari stærð. Peningaleg staða er mun betri og greiðslubyrði lána er undir landsmeðaltali. Skuldir á hvern íbúa Skútustaðahrepps í árslok 1995 voru 90 þkr. en meðaltal í sama stærðarflokki sveitarfélaga var þá 151 þkr. á íbúa.

2.5 Tekjur Húsavíkurkaupstaðar vegna WMÍ

Tekjur Húsavíkurkaupstaðar hafa verið mun jafnari, en þær eru vegar hlutfall af sölutekjum WMÍ og hins vegar hlutfall af tekjuskattgreiðslum WMÍ. Tekjurnar voru á árunum 1993-1996 að meðaltali 16,7 mkr. og voru 4,2% skatttekna bæjarfélagsins á árinu 1997 vegna tekjuársins 1996. Á móti kemur að bærinn hefur þurft að standa fyrir umfangsmeiri hafnarframkvæmdum en ella hefði þurft.

Húsavíkurkaupstaður	1993	1994	1995	1996
Tekjur af WMÍ (mkr.)	14,0	16,5	19,3	16,8

2.6 Viðskipti Kísiliðjunnar og WMÍ við innlend fyrirtæki

Stærsti einstaki gjaldaliður hjá Kísiliðjunni og WMÍ í viðskiptum við innlend fyrirtæki er kaup á sjófrakt. Þau viðskipti hafa verið við Eimskip hf og numið um 110

mkr. á ári vegna útflutnings á vegum fyrirtækjanna og um 15 mkr. vegna innflutnings á vegum Kísiliðjunnar. WMÍ á ekki teljandi viðskipti við önnur innlend fyrirtæki.

Kísiliðjan keypti orku af innlendum fyrirtækjum fyrir 100,5 mkr. árið 1996. Fyrirtækið hefur árlega keypt jarðgufu fyrir um 30 mkr. af Landsvirkjun, raforku fyrir um 40 mkr. af RARIK, olíur og rekstrarvörur fyrir um 28 mkr. af Kaupfélagi Þingeyinga og olíu til dælingar af Skeljungu fyrir 3 mkr.

Tvö fyrirtæki í Þingeyjarsýslu hafa umtalsverðar tekjur af starfsemi Kísiliðjunnar og WMÍ en það eru flutninga- og verktakafyrirtækið Sniðill hf. í Skútustaðahreppi og Skipaafgreiðsla Húsavíkur ehf. Árleg viðskipti við Sniðil hafa numið um 24 mkr. vegna flutninga á kísilgúr til Húsavíkur og vegna viðhaldsverkefna. Viðskipti við Skipaafgreiðslu Húsavíkur vegna hleðslu gáma og útskipunar hafa árlega numið um 26 mkr. Viðskipti Kísiliðjunnar við aðra verktaka hafa numið um 5 mkr. á ári.

2.6.1 Sniðill hf.

Sniðill er verktakafyrirtæki sem gerir út vö2.6.1 Sruflutningabifreiðinnuvélar, en er auk þess með trésmíðaverkstæði og almenna trésmíðastarfsemi. Fyrirtækið flytur pakkaðan kísilgúr frá Kísiliðjunni við Mývatn að lagerskemmu á Húsavík og sér einnig um aðföng og flutninga til Kísiliðjunnar. Sniðill vinnur auk þess ýmis viðhaldsverkefni fyrir Kísiliðjuna. Starfsmannafjöldi hefur verið á bilinu 16-20.

Sniðill hf., Reykjahlíð	1993	1994	1995	1996
Hlutfall rekstrartekna v/ Kísiliðjunnar	20%	20%	30%	20%
Greidd laun alls (mkr.)	20,7	21,0	27,7	36,0
þ.a. vegna þjónustu við Kísiliðjuna	18%	19%	25%	15%

2.6.2 Skipaafgreiðsla Húsavíkur ehf.

Starfsemi SAH er tvíþætt, en fyrirtækið sér um uppskipun og útfyrir skipafélög og er stærsti framleiðandi vörubretta á Íslandi. SAH sér um birgðahald og útskipun fyrir Kísiliðjuna, en birgðaskemman er í eigu síðarnefnda félagsins. SAH gerði áður út vöruflutningabifreiðar og rak bílaverkstæði. Sú starfsemi var sameinuð öðrum flutningarekstri á Húsavík á miðju ári 1996 og er SHA nú hluthafi í því félagi. Starfsmenn fyrirtækisins voru um 30 talsins fyrir þessar breytingar en eru nú 10 talsins.

Skipaafgreiðsla Húsavíkur ehf.	1995	1996
Hlutfall rekstrartekna v/ Kísiliðjunnar	8%	13%
Greidd laun alls (mkr.)	76,0	80,0
þ.a. vegna starfsemi tengdri Kísiliðjunni	14%	14%

Ástæða aukinna tekna af Kísiliðjunni á árinu 1996 er einkum meiri sala á vörubrettum en Sniðill í Reykjahlíð framleiddi áður bretti fyrir verksmiðjuna. Hluttur Kísiliðjunnar í starfsemi SAH hefur enn aukist á árinu 1997 eftir að vöruflutningastarfsemi félagsins var sameinuð öðru félagi. Miðað við að tekjur tengdar starfsemi

Kísiliðjunnar haldist óbreyttar má ætla að þær muni nema allt að þriðjungi af heildartekjum SAH árið 1998.
